

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst m.a. að gerður er byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu, byggingarreitur er staðsettur á lóð austanmegin við núverandi færanlegar kennslustofur sem eru norður af leikskólanum Hofi og núverandi göngustígur frá Hofteigi inn á skólalóð verður að hluta til færður til austurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Gerðuberg 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, austurdeild, vegna lóðarinnar nr. 1 við Gerðuberg. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir stækkun á grunnfleti þak-hæðar/3. hæðar. Hæsti punktur þaks hækkar um u.þ.b. 60 sm. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reynisvatnsás.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 31. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi Reynisvatnsás. Í breytingunni felst að afmörkuð er lóð fyrir opið leiksvæði í hverfinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. ágúst 2018, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar og lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 17. september 2018.*

**Björn Axelsson.**